

**Nd.** **344. Frumvarp til laga** [182. mál]  
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri.

Flm.: Jónas G. Rafnar.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, til endurbóta á skipasmíðastöð fyrir-  
tækisins og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, til endurbóta á skipasmíðastöð sinni og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Slippstöðin h/f hefur starfað á Akureyri síðan 1952 og hefur haft dráttarbraut bæjarins á leigu. Nýlega samdi fyrirtækið við bæinn um 15 ára leigu á dráttarbrautinni.

Slippstöðin annast í stórum stíl viðgerðir og viðhald fiskibáta, og þar hafa verið byggð allt að 90 tonna tréskip. Við fyrirtækið munu nú vinna milli 80 og 90 manns.

Forráðamenn fyrirtækisins telja, að þörf sé fyrir skipasmíðastöð norðanlands, sem annazt geti smíði stálskipa, og Akureyri sé einmitt hentugur staður fyrir slíka starfsemi, þar sem þar eru búsettir margir hæfir járníðnaðarmenn.

Samþykkt var á Alþingi í fyrra heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast framkvæmdalán fyrir þrjár skipasmíðastöðvar við Faxaflóa.